

Nýju fötin keisarans?

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Nú fer að ljúka á Kjarvalsstöðum sýningu á verkum franska listamannsins Philippe Cazal, en hér er um að ræða sýningu sem er sameiginlegt átak Kjarvalsstaða og fjögurra franskra safna. Philippe Cazal hefur áður komið hingað til lands; hann átti verk á sýningunni Alþjóðleg nútímalist, sem haldin var á Kjarvalsstöðum sumarið 1989, og vakti mikla athygli og deilur. Segja má að sýningin nú gegni að nokkru svipuðu hlutverki, þ.e. að færa alþjóðlega hræringar í myndlist inn í íslenskt umhverfi, þannig að listunendur hér geti fylgst með hvað er að gerast á erlendum vettvangi og þar með gert sér betri grein fyrir hvaða stöðu íslensk myndlist hefur í því samhengi.

Í ágætri sýningarskrá (sem jafnframt verður að teljast ódýr, miðað við efnismagn) segir í innangangi, að viðfangsefni Cazals séu listamenn og listaheimurinn „og það samsafn af kenjum og klisjum, sem þar er að finna“. Hann vinnur

á mörkum myndlistar og auglýsinga, og hefur sagt að hann leitist við að gera verk sem fólki finnst það hafa séð áður; því séu verk hans ætíð tvíræð á einhvern hátt og beri í sér ákveðnar andstæður.

Þetta viðhorf hefur komið glögglega fram í öllum ferli Cazals; hann felst meira í að fjalla um list og stöðu hennar í samfélaginu en nokkuð annað. Með því telur hann að hægt sé að vikka svið myndlistar og tengja hana betur því samfélagi neyslu og munaðar, sem Vesturlönd hrærast í. Tákn þess eru kampavínglós og glæstar konur, sem hann notar af mikilli fágun við framsetningu sinnar listhugsunar; eggjandi auglýsingar glanstímaritanna er það fyrsta sem áhorfandanum dettur í hug. En hvar eru þá mörkin milli myndlistar og auglýsinga? Og hvers vegna ættu áhorfendur að taka skýringar Philippe Cazals á forsendum eigin listar gildar, þegar þær gætu einfaldlega verið settar fram til að slá ryki í augu fólks og hylja hugmyndasnauda yfirborðsmennsku glæsileikans? Svo notuð séu orðtök sýningarinnar má setja umræðuna fram á

eftirfarandi hátt:

Annars vegar er sýning Philippe Cazals á Kjarvalsstöðum afrakstur nákvæmrar vinnu með rými og efni, svo af ber. Sjálft húsið er merkt við innganginn með áritun listamannsins, og er þannig bæði hluti af og umgjörð sýningarinnar; vestursalurinn, nýmálaður, er tvískiptur með lágum skávegg, sem bæði klýfur heildina og er hluti hennar. Staðsetningar einstakra verka, sem eru einföld og hrein í framsetningu, einkum hinna glæsilegu ljósmyndir, eru þannig að fullkomið samræmi ríkir, og ekkert er tilviljunum háð.

Hins vegar er hægt að segja að hér sé um að ræða ríkulegar umbúðir um lítilfjórlegt efni. Sú listheimspeki, sem hér er verið að halda fram (tengsl veruleika og draumsýnar, myndlistar og auglýsinga, forms og innihalds), er hvorki ný né frumleg. Aðrir listamenn hafa áður krufið þessa hluti af meiri dýpt, og er skemmtast að minnst þess fjölskrúðuga skeiðs myndlistarsögunnar, sem kennt er við Pop-listina. Tilvísanir til bóhem-lífs listamanna á 19. öld bætir þar engu við, því tilraunir

annars vegar

Listasafn Reykjavíkur
Kjarvalsstaðir
VÍKÍngötu, 105 Reykjavík
Ópning þá 21. ágúst kl. 8. ákallbar 1991
Opn. daglega kl. 10 - 18

Stýringarmátt

Útveggur:

Pappir „Chromagor“ 1981
(Stærðarmátt: 1981)
Láttapappir 4 pappir

Pappir „Chromagor“ 1982 1981
(Stærðarmátt: 1981)
Láttapappir 4 pappir

A. „Cortina“ 1981
(Stærðarmátt: 1981)
Láttapappir 4 pappir
2,40 x 80 cm hver

„La Magie du Soudan“ 1985
(100% algjörmynd 1985)
4.50 x 60 cm mynd
og gullklædd 17,5 x 18,5 cm

„Fuglar“ 1988
(1988)
Láttapappir 4 pappir
130 x 16,5 cm

„Janar“ 1989
(1989)
gullklædd mynd
80 x 80 cm

„Jökull“ 1983
(1983)
Láttapappir 2 pappir
160 x 70 x 50 cm
Óskil. ljósmynd 12,5 x 12,5 cm
Kortanna-klædd mynd
21 x 14 cm

„Philippe Cazal“ 1987
Gullklædd mynd
21 x 14 cm

„Fuglar“ 1988
(1988)
Láttapappir 4 pappir
130 x 16,5 cm

„Janar“ 1989
(1989)
gullklædd mynd
80 x 80 cm

Sýningin er styrkt af Association Française d'Action Artistique

slétt og felld yfirborðsmennska af því tagi sem hér sést væri ekki hátt skrifuð þar. Sé lítið yfir íslenska myndsviðið, kemur í ljós að íslenskir listamenn hafa staðið nær viðhorfum þýskra en franskra. Þetta kann að stýðja gamla kenningu um mismunandi áherslur germanskra og rómanskra þjóða í myndlistinni, þar sem hinar fyrri leggi meira upp úr dramatískum átökum, en hinar síðari hrífist meira af munúð, fágun og „stíl“.

Sé sýning Philippe Cazals metin á forsendum ofangreindrar kenningar, er hér á ferðinni glæsileg kynning á þeim áherslum, sem rómanskar þjóðir leggja mest upp úr: fágúnn fer ekki fram hjá neinum, munúðin geislar af ljósmyndunum, og það er „stíll“ yfir öllu sem Cazal ber fram, hvort sem það er stækkuð mynd af gylltum pappír kampavínglósunnar eða hönnun áritunarinnar. Hafni menn þessum forsendum, virðist því miður lítið eftir í salnum nema glansandi yfirborð auglýsingamennskunnar, og þá er stutt í að listunendur taki sér í munn spurningu barnsins í hinna frægu sögu H.C. Andersens um trúgírni, áhrifagírni og sýndarmennsku. Sýningu Philippe Cazals í vesturhluta Kjarvalsstaða lýkur sunnudaginn 15. september.

Afmæliskveðja:

Steinunn Antonsdóttir frá Siglufirði


Síldarárin eru að hverfa í blámodu fjarskans og ljósrauð rómantíkin hylur þann harða veruleika sem þá ríkti. Ein af þeim konum sem báru upp sköpun þeirra auðæfa sem þá streymdu í þjóðarbúið er góð vinkona mín Steinunn Antonsdóttir verkakona sem í dag fyllir áttunda áratuginn.

Steinunn er einstök gæða- og dugnaðarkona. Það var enginn tilviljun að eitt síldarsumarið hlaut hún virðingarheitið „síldardrottning“. En þann titil hlaut sú kona er saltaði flestar tunnur í sömu törninni án þess að taka sér hvíld. Í þessari törn saltaði Steinunn 47½ tunnu. Oft runnu saman sólarhringarnir án þess að nokkur hvíld kæmi. Þegar búið var að salta voru mörg handtökin eftir sem

ekki þoldu bið og urðu að gerast áður en hægt væri að ganga til hvílu. Slíkt úthald var aðeins á færi þeirra sem þjuggu yfir óhemju þreki og dugnaði. En það var ekki bara viljinn til að skila góðu verki sem knúði Steinunni áfram. Hún hafði fyrir börnum að sjá og þar brást hún ekki.

Ástin vitjaði hennar ungrar konu. Þar gaf hún allt af þeirri einlægni sem henni er svo lagið. Hún ól Steini Jónssyni sem síðar varð sambýlismaður hennar fjögur börn. Þrjú börnin, þau Hreinn, Jóhann og Sigrún, ólust upp hjá móður sinni en Regína í föðurgarði. Öll eru þau harðdugleg og eftirsótt til vinnu. Oft var fátt veraldlegra gæða í búi en aldrei allsleysi. Fyrir því sáu hinar vinnuglöðu hendur móðurinnar og ekki voru drengirnir sparir á sína vinnu um leið og þeir gátu lagt hlut í bú. En Steinunn bjó yfir ríkidæmi. Aldrei átti hún svo lítið að hún gæti ekki gefið öðrum sem hún taldi að væru þurfaði og á guð sinn hefur hún alla tíð treyst.

Í dag er Steinunn eldhress. Gengur út í Strákagöng hvern dag sem göngufært er. Ræktar sinn garð og hugsar algjörlega um sitt heimili. Þó hún sé orðin ein í húsinu fyllist það oft af vinum og ættingjum sem koma til Siglufjarð-



ar því hvergi er betra að vera en í hennar umsjón. Hanna, systir Steinunnar, er henni mikill styrkur því miklir kærleikar eru milli þeirra.

Oft er gripið í spil eða skellt sér í bingó saman þegar færi gefst. Þegar kynni okkar Steinunnar hófust fann ég að þar eignaðist ég góðan vin sem ég mat mikils. Því sendi ég henni hugheilar hamingjuóskir á þessum tímamótum og vona að vinir og ættingjar megi um langa framtíð njóta hlýju hennar og umhyggju.

Í tilefni afmælisins tekur Steinunn á móti gestum á heimili sonar síns Jóhanns Steinssonar og tengdadóttur Ragnhildar Magnúsdóttur í Seiðakvísl 37, Reykjavík, að kvöldi afmælisdagsins, föstudagsins 13. september.

Haukur Helgason

..JÁ NÚ SKIL ÉG

TUNGUMÁLA
TÖLVAN

HEXAGLOT

ERT ÞÚ AÐ FARA Í FERDALAG
EDA Í TUNGUMÁLANÁM?

- ÍSLENSKA, DANSKA, ENSKA, FRANSKA, ÞÝSKA, SPENSKA ALLT Í SÖMU TÖLVUNNI.
- YFIR 3000 ORÐ OG ORÐASAMBÖND Á HVERJU HINNA SEX TUNGUMÁLA SEM TÖLVAN BYR YFIR

FÆST
UM LAND ALLT

Höfðar til fólks í öllum starfsgreinum!

Morgunblaðið

Danfoss

HÁPRÝSTI-VÖKVAKERFI

Radial
stimpildælur

HÉÐINN

VÉLAVERSLUN SÍMI 624260
SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA - LAGER

ARGUS/SIA

Ekki jass - ekki pönk en The Government

BRESKA hljómsveitin The Government er stödd hér á landi og leikur á þrennum tónleikum í Púlsinum. Hljómsveitin er skipuð fjórum hljóðfæraleikurum og leikur blöndu af fönki, rokki og rappi. The Government var tekin tali meðan ráðherrar hennar sátu að snæðingi á steik-húsinu Argentínu í vikunni.

Sveitin hefur náð mikilli hylli í Svíþjóð og hefur farið sex sinnum þangað í tónleikaferðalög auk þess sem hún hefur leikið á tónleikum víðar á Norðurlöndum og meginlandi Evrópu. The Government hefur starfað í fjögur ár og segjast piltarnir sem hana skipa stefna að heimsfrægð - ekki eingöngu vegna peninganna, heldur einnig til að koma á framfæri í tónlist og textum jákvæðu hugarfari í samskiptum manna og benda á hættur sem stöðja að mannkyninu verði ekki við málum spornað. Í þessu skyni hafa þeir félagar í undirbúningi nýja smáskífu, sem er sú þriðja sem þeir senda frá sér.

Sveitina skipa Brian Foley frá Newcastle, saxafónleikari, söngvari og textasmiður, Roger Leece trommari frá eyjunni Mön, gítarleikarinn Paul Hughes frá Wales og Steve O. Jay bassaleikari frá Manchester. Þeir búa allir í London, sem þeir segja að hafi tvær hliðar. Dekkri hliðin er viðvarandi innlokunar-kennð á meðal 12 milljóna íbúa borgarinnar sem brýst m.a. út í ofbeldi - ljósari hliðin er andrúmsloft sköpunar og fjölbreytni mannlífsins.

Hvers vegna Ísland, Roger?
„Mig hefur alltaf langað að koma til Íslands. Þetta er lítil markaður en við viljum vita hver viðbrögð áheyrenda hér við okkar tónlist verða. Ég átti reyndar hugmyndina

á Íslandsförinni. Ég er frá eyjunni Mön og okkur finnst við ekki tilheyra Bretlandi vegna okkar keltnesku arfleifðar. Og Íslendingar eru að einhverju leyti af keltneskum uppruna og mig langaði að sjá hvort við ættum margt sameiginlegt með þeim.“ sagði Roger. Útlit hans er óneitanlega keltneskt, rautt hár niður á axlir og andlitsfallið gæti allt eins verið íslenskt.

Paul sagði að útgefendur hefðu átt í erfiðleikum með að skilgreina tónlist sveitarinnar og hefði það sett strik í reikninginn. „Tónlist okkar er á vissan hátt á einskis manns landi. Við viljum segja að þetta sé stíll The Government, tónlistin verði ekki flokkuð á annan hátt. Þetta er ekki jass, ekki pönk, heldur blanda af ýmsum stíltegundum. Alltof margir eru að gera sömu hlutina.“ sagði Paul. Hann bætti því við að kannski mætti heyra samsörun við tónlist Defunct og jafnvel Jimi Hendrix á köflum.

Steve bassaleikari, sem á ættir að rekja til Jamaíku, hvatti alla til að mæta á tónleikana í Púlsinum í kvöld og annað kvöld með opnum hug, skilja allar fyrirframgefnar hugmyndir um tónlist eftir heima. „Ég get lofað því að allir skemmta sér vel ef þeir fara að mínum ráðum og mæta með opnum hug.“

Gugu.



Frá vinstri: Roger Leece, Paul Hughes, Brian Foley og Steve O. Jay.